

Vikufréttir

Vika 42 (12.10 – 17.10. 2020)

Mánudagur

- ✓ Skólapúls 6.bekk kl.10:00
- ✓ Skólapúls 7.bekk kl.12:50

Þriðjudagur

- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl.14:30
- ✓ Skólapúls 10.bekk kl.10:15

Miðvikudagur

- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl.14:30
- ✓ Skólapúls 9.bekk kl.10:15

Fimmtudagur

- ✓ Stigsfundur á unglíngastigi kl.14:30
- ✓ Skólapúsl 8.bekk kl.13:20

Föstudagur

- ✓ Smiðjur hefjast.

Annað:

Ytra mat sem átti að fara fram í skólanum 12-15.okt en verður því frestað vegna aðstæðna í samfélaginu.

Spakmæli:

“Hversu heppin er ég að eiga einhvern sem er svo erfitt að kveðja” - *Bangsímon*

Smiðjuhelgi

16. – 17. október

Nú er komið að fyrri smiðjuhelgi vetrarins hér í skólanum og er áætlað að hún verði n.k. föstudag og laugardag 16. og 17. október. Þar er boðið uppá valgreinar fyrir 8. til 10. bekk og þar sem nemendur eru í smiðjum utan hefðbundins skólatíma eru þeir einum tíma skemur á viku í skólanum en viðmið gera ráð fyrir og vinna þá með þessum hætti eina helgi á önn.

Tilgangur smiðjanna er að mæta vali fyrir unglिंगana með öðrum hætti en almennt tíðkast og gefa þeim kost á að hafa meira um val sitt að segja. Nemendur setja fram hugmyndir sínar um það sem þeim finnst áhugavert og langar að hafa í vali. Unnið er út frá þeirra hugmyndum og leitast við að bjóða smiðjur sem flestir hafa áhuga á hverju sinni.

Núþegar hafa nemendur fengið upplýsingar um hvaða smiðjur eru í boði og flestir búnir að velja. Í þessari fyrstu smiðju bjóðum við uppá amerískan fótbolta, framandi matargerð, kvikmyndagerð, skartgripagerð/silfursmíði, förðun - special effects makeup og tölvur og tölvuviðgerðir. Smiðjurnar fara flestar fram hér í skólanum fyrir utan ameríska fótboltann sem fer fram í reiðhöllinni nema veður sé því betra og hægt sé að hafa hann á fótboltavellinum.

Unnið er í smiðjum frá 14.30 á föstudegi til 18:30 og frá 8:30 til 14.30 á laugardegi. Mætingarskylda er á smiðjuhelgi jafnt og aðra skóladaga.

Í ljósi þess að covid smitum hefur fjölgað í samfélaginu og ekkert er vitað hvernig næstu dagar verða, þá gæti farið svo að smiðjuhelginni verði frestað. Við vonum þó að til þess þurfi ekki að koma en ef svo verður þá verður hún sett á um leið og hægt er.